

**18. ARSPÍING  
KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS.**

18. ársþing Körfuknattleikssambands Íslands var haldið  
að Hótel Esju, Reykjavík, dagana 9. og 10. júní 1978.

1. Formaður sambandsins Sigurður Ingólfsson setti þingið og bauð fundarmenn velkomna.
2. Þingforseti var kjörinn Bogi Þorsteinsson.  
Ritari var tilnefndur Stefán Ingólfsson, framkvæmdastjóri sambandsins.
3. Kosnar voru fastar nefndir þingsins:

Kjörbréfanefnd: Kristinn Ó. Magnússon  
Sigurður Jónsson  
Jón Jörundsson

Fjárhagsnefnd: Gunnar Gunnarsson  
Þorsteinn Guðnason  
Stefán Ingólfsson

Laga- og leikreglnanefnd: Helgi Ágústsson  
Guðny Eiríksdóttir  
Einar Matthíasson

Allsherjarnefnd: Ólafur Thorlasius  
Torfi Magnússon  
Auðunn Ágústsson

Kjörnefnd: Jón Jörundsson  
Páll Júliusson  
Kristinn Stefánsson

Kristinn Magnússon gerði f.h. Kjörbréfanefndar grein fyrir þeim kjörbréfum sem borist hefði og hann lagði til að yrðu samþykkt. Var það gert athugasemdalaust.  
Fulltrúar voru sem hér segir:

ÍBR: Atli Arason Sigurður Gíslason  
Steinn Sveinsson Einar Bollason  
Guðni Kolbeinsson Helgi Ágústsson  
Guðrún Bachmann Kristján Stefánsson  
Auðunn Ágústsson Jón Otti Ólafsson  
Þórdís Kristjánsdóttir Gunnar Gunnarsson  
Guðry Eiríksdóttir Stefán Ingólfsson  
Halldór Eliasson Kristinn Ó. Magnússon  
Torfi Magnússon Helgi Árnason  
Ólafur Thorlacius Sigurður Jónsson  
Jón Jörundsson Þorvaldur Geirsson

ÍBI: Einar Matthíasson

Íþróttabandalag Suðurnesja: Bogi Þorsteinsson

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Sigurður Ingólfsson fráfaarandi formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, sem áður hafði verið lögð fram sérprentuð ásamt skýrslum nefnda sambandsins.

Formenn nefnda gerðu síðan grein fyrir skýrslu hverrar nefndar nema að Jón Jörundsson gerði grein fyrir skýrslu um minnibolta.

Þingforseti stakk upp á að frestað yrði umræðum um skýrslu stjórnar þar til reikningar sambandsins hefðu verið lagðir fram og þeir síðan ræddir sameiginlega.

5. Gjaldkeri Þorsteinn Guðnason lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins las þá og skýrði.

Hafði sérprentuðum reikningum áður verið dreift til þingfulltrúa og vísast til þeirra.

Síðan var orðið gefið frjálst um skýrslu stjórn og reikninga sambandsins.

Einar Bollason dróг í efa að rétt hefði verið staðið að áukáþingi 6. desember 1977. Kvað hann einungis 11 hræður hafa verið mættar. Hann efaði að rétt hefði verið boðað til þingsins.

Einar sagði að frammistaða Minniboltanefndar hefði verið með eindænum. Nefndin hefði ekkert gert og einungis fyrir framtaksemi Jóns Jörundssonar, sem þó væri ekki í nefndinni hefði tekist að koma mótinu frá.

Ennfremur gagnrýndi Einar að gengið hefði verið framhjá þeim erlendu leikmönnum og þjálfurum, sem hér léku s.l. keppnistímabil, við val á landsliðspjálfara.

Þó hefði a.m.k. einn þeirra boðist til að þjálfra liðið endurgjaldslaust.

Einar Bollason kvað two síðustu leiki í Sendiherrakeppninni hafa orðið til skammar. Rétt hefði verið að gefa ungum mönum tækifæri til að leika. Hann kvað 6 eða 7 menn hafa mætt á annan leikinn.

Polar Cup keppnin hefði hins vegar tekist frábærlega vel. Þjálfaranámskeiðið sem haldið hafði verið í tengslum við P.C. hefði aftur á móti verið hneisa.

Einar þakkaði Gunnari Gunnarssyni formanni unglingsnefndar vel unnin störf. Jóni Otto Ólafssyni þakkaði hann góð störf að dómaramálum.

Að síðustu vék Einar að Íslandsmótinu. Hann taldi nýlokið mótt marka tímamót í körfuknattleik.

Framundan væri mikil uppganga í íþróttinni.

Upplýsingamiðlun til fjölmöðla taldi hann ekki hafa verið nógú góða.

Einar Bollason hvatti að lokum menn til að halda starfinu áfram og gera miklu betur.

Sigurður Ingólfsson kvað löglega hafa verið boðað til aukapings. Einnig hefðu þau mál er þar voru rædd verið kynnt vel á formannafundum.

Hann tók undir gagnrýni Einars á starfsemi Minnibolta-nefndar.

Helgi Ágústsson kvað þjálfaranámskeiðið ekki hafa verið í verkahring Polar Cup nefndar. Stjórnin hefði annast það og hefði málið ekki verið kynnt nægilega vel fyrir félögunum.

Sveinn Björnsson sem sat þingið sem fulltrúi I.S.I. bar binginu kveðjur frá Gísla Halldórssyni forseta I.S.I. sem ekki gat mætt vegna þess að hann sat þing í Svíþjóð á sama tíma.

Sveinn kvað fjármálin höfuðvanda íþróttahreyfingarnar Framlag frá Alþingi væri lítið. Þó taldi hann miða í rétta átt.

Hann sagði að samböndin skiliðu skýrslum seint og því lægju enn kennslustyrkir ógreiddir fyrir síðasta tímabil. Hann kvað I.S.I. hafa ákveðið að væri kennslu-skýrslum ekki skilað fyrir 1. janúar fengju viðkomandi fél"g ekki að taka þátt í mótum eftir það.

Borsteinn Guðnason kvað það mikið vandamál hve illa gengi að fá folk til starfa fyrir sambandið.

Bogi Þorsteinsson tók undir þær ákúrur sem Minnibolta-nefnd hafði fengið. Hann kvaðst sjálfur eiga sæti í nefndinni en hafði aldrei verið boðaður á fund. Hann kvað litlu strákana fá allt of fáa leiki.

Unglingastarf okkar væri að dragast aftur úr miðað við nágrannalöndin.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og reikninga. Voru þeir bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

#### 6. Fjárhagsáætlun stjórnar.

Fjárhagsáætlun stjórnar lá ekki fyrir. Lagði stjórnin til að málínu yrði vísað til fjárhagsnefndar.

#### 7. Laga og leikreglnabreytingar.

Stefán Ingólfsson gerði grein fyrir breytingatillögum sem Mótanefnd lagði fram og áður hafði verið dreift fjölrituðum til þingfulltrúa.

Ennfremur gerði hann grein fyrir tillögum um breytingar á lögum sambandsins og reglugerðum hinna ýmsu nefnda. Þessum tillögum hafði einnig verið dreift fjölrituðum.

Bogi Þorsteinsson. bar upp dagskráttillögu um að laga og leikreglnabreytingu og aðrar tillögur og önnur mál yrðu tekin saman til umræðu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Einar Bollason lagði fram breytingatillögu við gjald til K.K.Í. af aðgangseyri. Taldi hann K.K.Í. vera að seilast í vasa félagana.

Helgi Ágústsson mælti fyrir tillögu sem hann flutti ásamt Einari Matthíassyni og Þorsteini Hallgrímssyni um að boða til aukapings í september.

Tillöggunni var vísað til Allsherjarnefndar.  
Öðrum tillögum var vísað til laga og leikreglnanefndar.

Fleiri tillögur lágu ekki fyrir og var gert hlé á þingstörfum til kl. 13,00 á laugardegi.

Nefndir störfuðu fyrir hádegi laugardaginn 10. júní.  
Þingið hófst að nýju kl. 13,00  
Voru fyrst flutt álit nefnda.

#### Nefndarálit:

#### ALLSHERJARNEFND.

Ólafur Thorlacius gerði grein fyrir starfi nefndarinnar Lagði nefndin til að tillaga Helga Ágústssonar, Einars Matthíassonar og Þorsteins Hallgrímssonar yrði samþykkt óbreytt. Var eftirfarandi tillaga samþykkt án umræðu

#### Tillaga um aukaping.

Arsþing K.K.Í. ályktar að fela stjórn K.K.Í. að boða til aukapings í September 1978.

Verkefni þingsins skal vera að ganga frá stefnuskrá K.K.Í. fyrir næstu 4 ár.

Til undirbúnings skal stjórn K.K.Í skipa 3ja manna undirbúningsnefnd, annars vegar til að sjá um þingið og hins vegar til að leggja fram tillögur og greinar-gerðir varðandi ýmis málefni, sem æskilegt er að þetta þing fjalli um.

#### Laga og leikreglnanefnd.

Einar Matthíasson gerði grein fyrir starfi nefndarinnar Kvað hann nefndina leggja til að breytingar á lögum sambandsins og reglugerðum verði samþykkt með lítilsháttar breytingum sem einkum fólust í orðalagsbreytingum. Enginn tók til máls og voru tillögurnar með breytingum síðan bornar undir atkvæði, lögjin fyrst en reglugerðirnar síðan hver af annarri og samþykkt samhljóða.

(Lög sambandsins og reglugerðir eftir breytingar fylgja í fylgiskjali I.).

Einar Matthíasson gerði síðan grein fyrir tillögum nefndarinnar um breytingar á reglugerð um körfuknatt-leiksmót. Kvað hann nefndina vera sammála um að mælast til að breytingartillögurnar aðrar en 25. gr. yrðu samþykktar með smávægilegum breytingum.

Hins vegar kvað hann nefndina hafa klofnað í afstöðu til 25. greinar. Meirihluti nefndarinnar legði til að gjaldið yrði tekið af aðgangseyri að frádregnum kostnaði við dómgæslu og húsaleigu. Minnihluti nefndarinnar lagði ekki fram tillögu.

Einar Bollason ítrekaði tillögu sína um að 10% væru tekin af hagnaði og jafnt af öllum leikjum.

Stefán Ingólfsson kvað tillögu Einars gefa sambandinu svipaðar tekjur og tillögur Mótanefndar. Hann kvað hér um að ræða hvernig félögin skiptu þessu framlagi á milli sín.

Tillögur Mótanefndar væru hentugri þeim félögum sem færri hefðu áhorfendur og léku ekki úrslitaleiki, en tillögur Einars aftur á móti hagkvæmari félögum sem léku úrslitaleiki.

Bogi Þorsteinsson kvatti fulltrúa K.K.I. og félaganna til að bera upp sameiginlega tillögu um 25. grein.

Var þá gert hlé á umræðum um tillögur laga og leikreglnanefndar og tillögur fjárhagsnefndar bornar upp.

(sjá aftar).

Einar Matthiasson mælti fyrir nýrri tillögu um breytingu á 25. grein sem nefndin og fulltrúar félaga stóðu að. Var síðan hver grein borin upp og samþykkt sérstaklega. Allar greinar voru samþykktar samhljóða.  
(Reglugerð um körfuknattleiksmót fylgir í fylgiskjali II).

#### FJÁRHAGSNEFND.

Þorsteinn Guðnason mælti fyrir tillögum nefndarinnar. Nefndin lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs.

Steinn Sveinsson gerði breytilgatillögur við fjárhagsáætlun. Vildi hann hækka framlag til Unglinganefndar um 500 þús og uka aðrar fjároflunarleiðir sem því nemur.

Fjárhagsáætlun var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með áorönum breytingum.

(sjá fylgiskjal III).

Þorsteinn Guðnason mælti síðan fyrir þeirri tillögu nefndarinnar að þáttökugjöld verði :

Úrvalsdeild	35.000,-
1. deild karla	
og kvenna	25.000,-
2. deild karla	20.000,-
Aðrir flokkar	13.000,-
Bikarkeppni	17.000,-
	hver flokkur.

Tillagan var síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

Einar Bollason tók næstur til máls og ræddi samninga við sjónvarp. Hann taldi ekki óeöllilegt að sjónvarpið semdi beint við félögin. Einar kvað þessi mál hafa mikla fjárhagslega þýðingu fyrir félögin.

Lagði hann síðan fram tillögu um að þingið skipaði þriggja manna nefnd til að gera tillögu að tekjuskiptingu vegna sjónvarps og útvarps. Auk Einars skrifuðu Kristinn Ó. Magnússon og Steinn Sveinsson undir tillöguna.

Voru síðan Helgi Ágústsson, Halldór Einarsson og Stefán Ingólfsson kjörnir í nefndina og henni falið að skila áliti á vœtanlegu aukaþingi K.K.Í. næsta haust.

Kristinn Ó. Magnússon mælti fyrir tillögu um bráðabirgða-akvæði um 1. deild kvenna næsta ár.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt.

"Eftirtalin lið skipa 1. deild kvenna keppnistímabilið 1978 - 1979: I.R., K.R., I.S., og Þór."

Kristinn Ó. Magnússon mælti fyrir annarri tillögu sem samþykkt var samhljóða.

18. ársþing K.K.Í. beinir því til næstu stjórnar að hún sendi strax í júní öllum héraðssamböndum þá viðbót, sem samþykkt hefur verið við 12.grein reglugerðar um Körfuknattleiksmót, ásamt stefnu sinni varðandi þetta mál.

Kosning stjórnar o.fl. aðila.

Dómstóll K.K.Í.

til vara.

Hólmsteinn Sigurðsson,  
Atli Arason,  
Sigurður Þórarinnsson.  
Sigurður Ingi Halldórsson  
Ingi Stefánsson,  
Jón Jörundsson.

Stefán Ingólfsson var einn í kjöri til formanns og var kjör hans staðfest með lófataki.

Stjórn: Eftirtaldir menn voru í kjöri og voru kosnir.

Páll Júliusson,  
Þórdís Kristjánsdóttir,  
Sigurður Jónsson,  
Helgi Árnason.

í varastjórn

Hörður Tuliníus,  
Sigurður Ingólfsson.

Endurskoðendur:

Hólmsteinn Sigurðsson,  
Fráinn Sigurjónsson.

Nýkjörinn formaður þakkaði það traust sem sér væri sýnt. Hann kvað miður að ekki hefði fundist hæfari maður til embættisins og kvaðst vona að starfið gengi eðlilega næsta keppnistímabil.

Helgi Ágústsson óskaði nýkjörni stjórn velfarnaðar í starfi.

Bogi Þorsteinsson bingforseti þakkaði að síðustu fulltrúum fyrir góð störf. Nýkjörni stjórn óskaði hann góðs gengis og sagði síðan 18. Körfuknattleiksþingi slitið.

FYLGISKJAL I.

## LÖG KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS:

### HEITI OG TILGANGUR.

#### 1.grein.

Körfuknattleikssamband Íslands (K.K.I) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (Í.S.I.). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

#### 2.grein.

Körfukanttleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssamband og íþróttabandalaga, og eru öll þau félög innan Í.S.I. er iðka og keppa í körfuknattleik aðilar að K.K.I.

#### 3.grein.

Starf K.K.I er í meginatriðum:

- A. Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.
- B. Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (F.I.B.A). Með hæfilegum fyrirvara skal K.K.I. tilkynna framkvæmdastjórn Í.S.I. áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

### SKIPULAG.

#### 4.grein.

Málefnum K.K.I stjórna:

- .A. Körfuknattleiksþingið.
- B. Stjórn K.K.I.

### KÖRFUKNATTLEIKSPÍNGIÐ.

#### 5.grein.

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald í málefnum K.K.I. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda K.K.I. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattcleiksmanna og kvenna þannig, að fyrir allt að 50 iökendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 félaga og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 100 félaga þar fram yfir.

Til þingsins skal boða bréflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn K.K.I. minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn K.K.I. kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing. Körfuknattleiksþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

## 6. grein.

Á körfuknattleiksþinginu hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- A. Stjórn og varastjórn K.K.Í.
- B. Endurskoðendur K.K.Í.
- C. Forseti og varaforseti Í.S.Í.
- D. Framkvæmdastjórar K.K.Í. og Í.S.Í.
- E. Allir nefndarmenn fastanefnda K.K.Í.
- F. Meðlimir dómstóla K.K.Í.
- G. Formaður Olympíunefndar Íslands.
- H. Íþróttafulltrúi Ríkisins.

Auk þess getur stjórn K.K.Í. boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleiksþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þó má heimila, að fulltrúi fari, undir sérstökum kringumstæðum (langt eða dýrt að sækja þingið, eðaannar fulltrúi veikur eða forfallast á síðustu stundu frá að sækja þingið) með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila-sérráðs eða héraðssambands (félags), sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar, sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

## 7. grein.

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Alla boðunar og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinna, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða að stjórnin eð eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um regluglegt körfuknattleiksþing.

## 8. grein.

Störf körfuknattleiksþings eru:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
- 3) Kosnar fastar nefndir:
  - a) Kjörbréfanefnd,
  - b) Fjárhagsnefnd,
  - c) Laga- og leikreglnanefnd,
  - d) Allsherjarnefnd,
  - e) Kjaranefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver. Er bréfritari sjálfkjörinn formaður kjörbréfanefndar.

- 4) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
  - 5) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
  - 6) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
  - 7) Lagðar fram laga og leikreglnabreytingar þær, sem fram hafa komið.
  - 8) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.
- Þinghlé.-
- 9) Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
  - 10) Önnur mál.
  - 11) Kosnir 3 menn í körfuknattleiksdómstól og 3 til vara.
  - 12) Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttapíng.
  - 13) Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
  - 14) Þingslit.

Fái fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrstlitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddir fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá þingsins ver send sambandsaðilum (sbr. 5. gr. 4 málsgreinar).

Ársskýrslu K.K.Í., sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn Í.S.Í. og sambandsaðilum K.K.Í. innan tveggja mánaða frá þingslitum.

## 9. grein.

Stjórn K.K.Í. fer með æðsta vald í málum sambandsins milli þinga. Stjórn K.K.Í. skipa 5 menn, sem kjörnir eru leynilegri kosningu til eins árs í senn. Ennfremur skal kjósa tvö varamenn í stjórn K.K.Í. til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni í sömu röð og þeir eru kosnir. Til þess að ná kjöri sem formaður, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný bundinni kosningu um þá tvö menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum.

Stjórn K.K.Í. er heimilt að ráða launað starfsfólk m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf. Reikningsár K.K.Í. er frá 1. maí til 30 apríl.

Aðsetur stjórnar er í Reykjavík.

#### 10. grein.

Stjórn K.K.Í. skal strax að loknu Körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

- Mótanefnd,
- Dómaranefnd,
- Landslíðsnéfnd,
- Unglinganefnd,
- Aganefnd,
- Fjárhagsnefnd,
- Útbreiðslu og tækninefnd.

Hver nefnd skal skipuð þremur mönnum nema annað sé ákveðið í reglugerð. Stjórn K.K.Í. getur heimilað formönnum nefnda að skipa sérstakar undirnefndir til að annast afmörkuð verkefni.

Stjórn K.K.Í. skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn K.K.Í. til staðfestingar. Nefndir hafa ekki sjálfstæðan fjárhag nema stjórn K.K.Í. ákveði annað í skipunarbréfi. Framkvæmdastjóri K.K.Í. er starfsmaður nefndanna.

#### 11. grein.

Öll aðildarfélög K.K.Í. eiga rétt á að tilnefna mann í Allsherjarnefnd K.K.Í. Í henni eiga einnig sæti stjórnarmenn K.K.Í.

Allsherjarnefnd skal boða til funda minnst þrisvar á meðan Íslandsmótt stendur. Eigi skal líða lengri tími en þrír mánuðir milli funda nefndarinnar. Formaður K.K.Í. boðar nefndina til fundar og stjórnar fundum hennar.

Allsherjarnefnd er vettvangur umræðu um vandamál körfuknattleiksins. Hún er stjórn K.K.Í. einnig ráðgefandi um lausn ýmissa vandamála sem koma upp milli Körfuknattleiksþinga.

#### 12. grein.

Starfsvið stjórnar K.K.Í. er:

1. að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
2. að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssamband.
3. að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.

4. að semja leikreglur og reglugerðir fyrir körfu-knattleik er jafnan séu í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. að taka ákvarðanir um veitingar heiðursmerkja og viðurkenningu.
6. að senda framkvæmdastjórn I.S.I. lögboðnar skýrslur.
7. að líta eftir því að lög og leikreglur K.K.I. séu haldin.
8. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
9. að skera úr ágreiningi um körfuknattleiksmál.
10. að hafa yfirumsjón með landsmótum.
11. að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
12. að samþykka þáttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
13. að koma fram erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.

Stjórn K.K.I. skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn I.S.I. við ákvörðun á alþjóðamótum sem haldin eru hérlendis, svo og landsmótum.

#### 13. grein.

Formaður K.K.I. boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

#### 14. grein.

Körfuknattleiksráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar K.K.I. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mótt, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendast innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra körfuknattleiksmanna í umdæminu skulu þau senda stjórn K.K.I. fyrir 1. ágúst ár hver. Á þeim byggist fulltrúarárettur og fulltrúaufjöldi þeirra á körfu-knattleiksþinginu, sbr. 5. gr.

#### 15. grein.

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn K.K.I. jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

#### 16. grein.

Stjórn K.K.I. hefur frjálsan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda K.K.I. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómara-félaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

## DÓMSTÓLL K.K.Í.

### 17. grein.

Dómstóll K.K.Í. skal skipaður 3 aðalmönum og 3 varamönum kjörnum á körfuknattleiksþingi samkv. 8.gr. 15. lið. Dómstóllinn kýs sér formenn og starfar að öðru leyti samkv. dóms og refsiákvæðum Í.S.Í. og reglugerðum K.K.Í.

### 18. grein.

Tillögur um að leggja K.K.Í. niður má aðeins taka fyrir á lögmætu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi sílik tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni, og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja K.K.Í. niður.

Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum K.K.Í. en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiks-íþróttarinnar í landinu.

### 19. grein.

Lög þessi öðlast gildi þegar sambandsráð Í.S.Í. hefur staðfest þau.

## REGLUGERÐ FYRIR LANDSLIÐSNEFND

1. Landsliðsnefnd skipa þrír menn. Þeir eru allir skipaðir af stjórn KKÍ. Landsliðspjálfari og fulltrúi landsliðsmanna sitja einnig fundi nefndarinnar nema hún ákveði annað. Þeir hafa tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt nema nefndin ákveði annað.
2. Landsliðsnefnd annast val landsliðs og stjórnar undirbúningi þess fyrir leiki. Nefndin ræður landsliðspjálfara og setur honum skipunarbréf eða gerir við hann skriflegan samning.
3. Landsliðsnefnd skal í samráði við stjórn KKÍ semja við önnur lönd um landsleiki og innlend eða erlend lið um æfinga leiki.
4. Landsliðsnefnd skal skipuleggja æfingar landsliðs í samráði við landsliðspjálfara og fulltrúa félaga.
5. Landsliðsnefnd skal leggja áætlun um starfsemi sína fyrir stjórn KKÍ, ekki síðar en 15. ágúst. Áætlunin skal innihalda landsleiki auk æfinga og æfingaleikja. Einnig skal áætluð fjárbörf nefndarinnar.
6. Landsliðsnefnd er heimilt að skipa sérstaka undirnefnd Fjároflunarnefnd landsliðs, til að annast öflun fjár til starfsemi nefndarinnar. Landsliðsnefnd hefur frjálsar hendur um ráðstöfun þess fjár er þannig aflast. til greiðslu á kostnaði vegna starfa nefndarinnar.
7. Landsliðsnefnd skal einungis annast þau mál, sem snúa beint að undirbúningi landsliðs fyrir landsleiki. Stjórn KKÍ skal annast alla umsjón landsleikja sem Ísland tekur þátt í innanlands og utan og bera kostnað af þeim.
8. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefnd ákveðna upphæð til starfsemi nefndarinnar á fjárhagsáætlun.
9. Framkvæmdastjórn KKÍ er starfsmaður nefndarinnar.

REGLUGERÐ FYRIR ÚTBREIÐSLU- OG TÆKNINEFND.

1. Útbreiðslu og tækninefnd er skipuð þremur mönnum. Allsherjarnefnd tilnefnir einn mann í nefndina. Dómaranefnd tilnefnir einn. Stjórn KKÍ skipar einn mann og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.
2. Nefndin skal annast alla upplýsinga- og útbreiðslu-starfsemi á vegum KKÍ. Hún skal einnig fylgjast með öllum nýjungum sem koma í körfuknattleik og miðla þeim til félaga innan KKÍ.
3. Nefndin skal skipuleggja og hafa umsjón með menntun körfuknattleiksþjálfara. Hún skal hælda námskeið og annast útgáfustarfsemi í þeim tilgangi.
4. Í samvinnu við Dómaranefnd skal Útbreiðslu og tækninefnd skipuleggja og hafa umsjón með námskeiðum fyrir dómara og annarri fræðslustarfsemi fyrir þá.
5. Nefndin skal annast samvinnu við forsvarsmenn fræðslumála um útbreiðslu körfuknattleiks meðal skólagfólks. Einnig skal hún leita samvinnu við forsvarsmenn sveitarfélaga um að koma upp aðstöðu til iökunar körfuknattleiks.
6. Útbreiðslu og tækninefnd skal annast útbreiðslu körfuknattleiks meðal yngri aldursflokka s.s. með kvíkmyndasýningu. Nefndin skal aðstoða aðildarfélög KKÍ eftir megni í þessum tilgangi. Nefndin skal undirbúa og annast Minniboltamót í samvinnu við Mótanefnd og forsvarsmenn félaga.
7. Útbreiðslu og tækninefnd skal hafa umsjón með allri almennri útgáfustarfsemi á vegum KKÍ.
8. Framkvæmdastrjóri KKÍ er starfsmaður nefndarinnar.
9. Nefndin skal leggja starfsáætlun ásamt áætlaðri fjárbörf fyrir stjórn KKÍ fyrir 1. ágúst.
10. Stjórn KKÍ er skyld að tryggja Útbreiðslu og tækninefnd ákveðna fjárhæð á fjárhagsáætlun til að standa straum af kostnaði vegna starfsemi nefndarinnar.

REGLUGERÐ FYRIR DÓMARANEFND

1. Yfirstjörn dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefndist Dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar tvo menn í nefndina, en starfandi dómrarar einn. Stjórn KKÍ skipar formann nefndarinnar úr þeirra hópi.
2. Nefndin raðar niður dómurum á alla leiki Íslandsmóts og Bikarkeppni, svo og aðra leiki á vegum KKÍ.
3. Nefndin skipar dómurum í flokka og heldur skrá um alla dómara innan KKÍ og réttindi þeirra.
4. Réttindi dómara eru tvenns konar, 1.flokks dómara og unglingadómara. Dómrarar í 1.flokki hafa réttindi til að dæma leiki í deildakeppni Íslandsmóts og Bikarkeppni. Ennfremur leiki í úrslitakeppni yngri flokka. Aðrir dómrarar sem hafa réttindi teljast unglingadómrarar.
5. Dómaranefnd setur dómurum starfsreglur í upphafi keppnis-tímabils og kynnir þær félögum KKÍ.
6. Dómrarar í 1.flokki skulu vera launaðir. Hvert félag skal greiða dómanefnd ákveðið gjald, Dómaragjald, fyrir hvern leik. Körfuknattleiksþing ákvarðar upphæð dómaragjalds. Félögin skulu greiða dómaragjöld sín á eftirfarandi hátt:
  - a) Helmingur áætlaðra dómaragjalda skal greiðast fyrir 20.ágúst.
  - b) Eftirstöðvar dómaragjalda skal greiða fyrir 1.febrúar.
7. Dómaranefnd skal fyrir 20. ágúst hafa skipað dómurum á einstaka leiki Íslandsmóts. Dómurum og félögum gefst síðan frestur til 5.september til að gera áthugasemdir.
8. Geti dómari ekki mætt til leiks sem hann á að dæma skal hann tilkynna dómaranefndn það með tveggja sólahringa fyrirvara. Mæti dómari ekki til leiks án þess að tilkynna Dómaranefnd forföll, eða útvega annan dómara í sinn stað, skal Dómaranefnd sekta hann sem svarar tvöföldum dómaralaunum.
9. Dómaranefnd skal í samvinnu við Tækni- og útbreiðslunefnd fylgjast með nýjungum í dómaramálum erlendis s.s. breytingum á reglum og túlkun þeirra.
10. Dómaranefnd skal vera Útbreiðslu- og tækniðefnd til ráðgjafar við dómaranámskeið og útgáfu upplýsinga um dómaramál.
11. Framkvæmdastjóri KKÍ er starfsmaður nefndarinnar.
12. Dómaranefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðtalstíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.
13. Heimilt er að greiða formanni dómaranefndar laun ef framkvæmdastjóri getur ekki annað daglegum störfum nefndarinnar. Launin skulu vera ákveðið hlutfall af launum framkvæmdastjóra.

REGLUGERÐ FYRIR FJÁRHAGSNEFND.

1. Fjárhagsnefnd skipa þrír menn. Gjaldkeri KKÍ er formaður nefndarinnar. Stjórn KKÍ skipar hina two.
2. Nefndin skal hafa yfirumsjón og eftirlit með fjármálum KKÍ og vera stjórninni ráðgefandi um fjármál.
3. Fjárhagsnefnd skal gera tillögur til stjórnar KKÍ um fjárfamlög til nefnda sambandsins.
4. Fjárhagsnefnd gerir tillögur um fjáröflun fyrir sambandið og leggur áætlun um framkvæmd hennar fyrir stjórnina.
5. Fjárhagsnefnd skal leggja til tillögum áður en undurliðaðri sambandið fjárhagsáætlun fyrir stjórn KKÍ eigi síðar en 20. ágúst. Við gerð fjárhagsáætlunar skal taka tillit til starfs-áætlana nefnda KKÍ.
6. Stjórn KKÍ skal leita umsagnar Fjárhagsnefndar um auglýsingasamninga félaga og sambandsins sjálfss áður en hún afgreiðir þá.
7. Stjórn KKÍ skal leita umsagnar fjárhagsnefndar um öll mál sem varða fjárhagslega afkomu sambandsins eða einstakra félaga þess.
8. Framkvæmdastjóri er starfsmaður nefndarinnar.

## REGLUGERD UM KÖRFUKNATTLIEIKSMÓT.

### 1. grein.

Aðeins félög innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) og ISÍ eiga rétt til að taka þátt í opinberum körfuknattleiks-mótum. Öll körfuknattleiksmót og körfuknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum Í.S.Í. og sérreglum um körfuknattleik.

Samþykktir Alþjóðakörfuknattleikssambandsins (FIBA) eru bindandi fyrir K.K.Í.

### 2. grein.

Íþróttamaður eða leikmaður æfir sig og keppir á eigin ábyrgð og ber framkvæmdastjórn viðkomandi móts enga ábyrgð á, þótt hann meiðist eða verði fyrir slysi í keppni.

### 3. grein.

Liðgengir til þáttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn, sem verið hafa félagar í því félagi, sem þeir keppa með í minnst 1 mánuð áður en kappleikur fer fram.

Skipti leikmaður um félag, skal hann tilkynna það til stjórnar K.K.Í. og síns fyrra félags með sannanlegum hætti og er hann hlutgengur leikmaður með sínu nýja félagi 1 mánuð eftir tilkynningardag þ.e. ef ekki hefur borizt athugasemd viðkomandi félags innan þess tíma, ella telst hann hlutgengur þegar samþykki K.K.Í. liggur fyrir. Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði, skal tilkynna K.K.Í. um þá ákvörðun sína og er honum heimil keppni erlendis fyrr en K.K.Í hefur gefið út eða móttekið og samþykkt tilkynningu um félaga-skiptin. Um íslenzka leikmenn sem leikið hafa með erlendu liði gildir að þeir eru hlutgengir að nýju hér á landi þegar stjórn K.K.Í. hefur staðfest félagaskiptin.

Heimila skal 1 erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði, hafi tilkynning þar um borizt til stjórnar K.K.Í. fyrir 15. október ár hvert. Verða súlkir leikmenn löglegir strax að undangengnu samþykki stjórnar K.K.Í., án nokkurra búsetuákvæða og sé farið að reglum F.I.B.A.

### 4. grein.

Allir leikmenn sveitar skulu vera í eins litum búningum og getur dómarí vikið hverjum þeim leikmanni af leikvelli, er ekki fylgir þessu ákvæði. Gúningar skulu vera núméraðir.

Hverju liði er skyld að hafa yfir að ráða tvenns konar búningum, öðrum ljósum, en hinum dökkum að lit. Heimalið skal ávallt leika í ljósum búningum, nema um annað sé sérstaklega samið.

## 5. grein.

Viðkomandi dómarafelag eða körfuknattleiksrað þar sem dómarafelag er ekki starfandi, skipar dómara og varamenn þeirra, tímaverði og ritara. Skal það gert með nægum fyrirvara, og gildir það sama mótt og einstaka leiki (heim-sóknir o.s.frv.).

Velja skal óhlutdræga dómara og starfsmenn sem eru vanda sínum vaxnir hverju sinni.

Dómarar skulu hafa lokið tilskildu prófi, en vita má undanþágu, ef sérstaklega stendur á, og skera viðkomandi yfirvöld úr því.

Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá friar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af heimaliði. Ferðist dómarí á eigin bifreið skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn km. Gjaldið skal ákveða árlega af dómaranefnd K.K.I. og hljóta staðfestingu stjórnar K.K.I.

Eigi er heimilt að greiða nema fyrir eina bifreið sem dómarar koma á til leiks.

Verði dómarí, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika að bera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu úr hendi þeim aðila, sem stendur fyrir leiknum. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna.

## 6. grein.

Aðeins áhugamönnum er leyfilegt að keppa á innlendum körfuknattleiksmótum, nema leyfi I.S.I. og K.K.I. sé fyrir hendi og hafi þessir aðila áður ráðgast um hverju sinni við F.I.B.A.

## 7. grein.

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a. Konur:

1. aldursfl. 17 ára og eldri.
2. aldursfl. 14, "15 og 16 ára.

b. Karlar:

1. aldursfl. 19 ára og eldri.
2. aldursfl. 17 og 18 ára.
3. aldursfl. 15 og 16 ára.
4. aldursfl. 13 og 14 ára.

Minni Bolti 12 ára og yngri.

Aldur miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 19 ára eftir áramót, er honum heimilt að leika með 2. flokki út keppnistímabilið, en flutningur milli flokka skulu fara fram í september ár hvert.

Hverjum flokki má skipta í sveitir eftir styrkleika (A-B-C o.s.frv.). Þó er félagi aðeins heimilt að senda eitt lið til keppni í meistaraflokki bandalags eða Íslandsmótsins.

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

1. aldursfl. 40 mín., 20 mín hvor hálf. og 10 mín. hlé.
  2. aldursfl. 40 mín., 20 mín hvor hálf. og 10 mín. hlé.
  3. aldursfl. 32 mín., 16 mín hvor hálf. og 5 mín. hlé.
  4. aldursfl. 24 mín., 12 mín hvor hálf. og 5 mín. hlé.
- Mfl. kvenna 40 mín., 20 mín hvor hálf. og 10 mín hlé.  
2. fl. kvenna 32 mín., 16 mín hvor hálf. og 5 mín hlé.  
Minni Bolti: Leiktími 4 x 10 mín.

Hlé milli hálfleikja skal eigi fara fram úr 10 mín. nema dómarí samþykki annað.

Séu 6 eða færri aðilar tilkynntir til leiks í einhverjum flokki, skal leika tvöfalta umferð.

#### 8. grein.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokk en honum ber. Heimilt er tveim leikmönnum yngri aldursflokk að leika hverju sinni með næsta aldursflokk fyrir ofan sinn eiginn. Heimilt er hverjum þeim leikmanni sem er í 2.flokki að leika með 1. flokki.

Tíu (10) leikflestu menn meistaraflokk á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1. flokki. Séu fleiri en 3 menn með jafnmarga leiki í 10. sæti, má aðeins nota 2 þeirra í 1. flokki.

#### 9. grein.

Heimboð erlendra körfuknattleiksliða og utanferðir sambandsaðila skulu vera í samþykki K.K.Í. og Í.S.Í.

Heimsóknir milli félaga og landshluta skulu fara fram með leyfi viðkomandi körfuknattleiksráðs.

Félag, sem hefur í hyggju að leika við útlent félag, skal sækja um leyfi þar um til Í.S.Í. og K.K.Í. með minnst 14 daga fyrirvara.

#### 10. grein.

Félögum innan K.K.Í og Í.S.Í. er heimilt að stofna til keppni innan ákveðinna svæða t.d. eins bandalags eða fleiri, svonefndra bandalagsmóta, að fengnu leyfi Í.S.Í. og K.K.Í.

Með umsóknum um leyfi til keppni skulu fylgja eftir-farandi upplýsingar:

- a. Nafn keppninnar.
- b. Hvaða félög hafi rétt til keppninnar.
- c. Hvort keppt skuli samkvæmt útsláttarað-ferðinni (úr eftir tapaðan leik) eða eftir flokkakerfinu.
- d. Hvort keppt sé um verðlaun.

Mótanefndum er óleyfilegt að breyta ákvæðum um viðkomandi mótt.

## 11. grein.

Landsmót karla og kvenna í meistaraflokki innan húss, skal vera í þremur deildum og skal fyrsta deild skipuð átta liðum, önnur deild sex liðum og þriðja deild þeim aðilum sem eiga ekki lið í fyrstu eða annarri deild.

Tilkynni átta eða færri aðilar þáttöku skal leika í einni deild.

Sigurvegarar í annari deild öðlast rétt til þáttöku í fyrstu deild næsta leikár á eftir. Sigurvegarar í þriðju deild öðlast á sama hátt rétt til að leika í annari deild næsta leikár á eftir.

Sá aðili er fæst stig hlýtur í fyrstu deild fellur í aðra deild og leikur þar næsta leikár á eftir. Á sama hátt fellur lið sem fæst stig hlýtur í annari deild í þriðju og leikur þar næsta leikár á eftir.

Sá aðili er fæst stig hlýtur í fyrstu deild fellur í aðra deild og leikur þar næsta leikár á eftir. Á sama hátt fellur lið sem fæst stig hlýtur í annari deild í þriðju deild og leikur þar næsta leikár á eftir.

Taki einn deildaraðili ekki þátt í keppninni fellur hann sjálfkrafa niður um eina deild.

Sá aðili, sem sigrar í fyrstu deild hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og gildir hið sama um sigurvegara í Íslandsmóti í meistaraflokki kvenna.

Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 15. október - 15. apríl.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt félag tilkynnir þáttöku. Keppt skal um titilinn.

Heimilt er að halda tvöfalda umferð í I. og II. deild að gengnu samþykki allra þáttökuaðila.

Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Á hverju keppnissvæði skal starfa sérstök svæðisnefnd, sem er undirnefnd mótanefndar. Svæðisnefnd sér um framkvæmd svæðiskeppni, sem fram skal fara á tímabilinu október -mars.

Svæðiskeppni fer fram í öllum flokkum nema úrvalsdeild 1. deild karla og 1. deild kvenna.

Að loknum svæðakeppnum fer fram sérstök úrslitakeppni. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppni.

1. deild kvenna skipa fjögur lið sem leika fjórfalda umferð. Neðsta lið deildarinnar leikur við efsta lið 2. deildar um sæti í 1. deild að ári. Það lið sem fyrst vinnur two leiki hlýtur sæti í 1. deild. Stjórn K.K.I. er heimilt að slá saman keppni í 1. flokki kvenna og 2. deild kvenna. Stjórn K.K.I. ákveður fyrirkomulag keppninnar hverju sinni í samráði við viðkomandi félög.

## 12. grein.

Um vallarstærð gildir ákvæði Körfuknattleiksreglna, en þó getur K.K.I. eða viðkomandi körfuknattleiksráð, þegar um héraðsmót er að ræða, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða ef óskar er. Stjórn K.K.I. getur einnig veitt undanþágu frá ákvæðum Körfuknattleiksreglna

um vallarstærð fyrir þá flokka sem leika í svæðiskeppni  
sbr. 11. grein.

Útslitakeppni skal þó fara fram á löglegum völlum.

### 13. grein.

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta skýrslu með nöfnum og númerum leikmanna.

Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna og umsjónaráðili, eða til mótanefndar K.K.I. ef keppnin er á þess vegum, innan 24 klst. Vanræksla félags í þessum efnunum varðar kr. 3.000.- í sekt í hvert skipti.

Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

### 14. grein.

Hætti félag þáttöku, sem það hefur áður tilkynnt, getur viðkomandi körfuknattleiksráð eða dómur beitt það fjársektum eða útilokun frá leikjum eða mónum.

Ef flokkur hefur ekki eða gengur úr leik, skulu dómarar skila skýrslu um málið innan 48 klst. til viðkomandi körfuknattleiksráðs.

Reynast ástæður ekki gildar, varðar það leiktapi.

### 15. grein.

Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem færst þykir.

Félag, sem óskar að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara.

Þurfi að endurtaka leik, hafa þeir einir rétt til þáttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

### 16. grein.

#### BIKARKEPPNI

Öllum aðildarfélögum K.K.I. er heimilt að senda lið til þáttöku í Bikarkeppni K.K.I. Hvert félag má senda tvö lið til keppninnar, A og B lið. Leikmenn B liðs skulu vera hlutgengir til keppni með 1. flokki sbr. 8. gr.

Keppnin er með útsláttarfyrirkomulagi. Leika skal þar til tvö lið eru eftir og skulu þau leika til úrslita. Fyrir hverja umferð skal draga um hvaða lið skuli leika saman. Það lið sem fyrst dregst, fær heimaleik, þó aldrei tvisvar í röð. Dragist saman tvö lið, sem bæði hafa leikið á heimavelli í næstu umferð á undan, skal draga um hvort liðið fær heimavöll. Þó skal K.K.I. heimilt að ákveða úrslitaleik. Lið í úrvalsdeild koma til keppni í átta liða úrslitum. Framkvæmd bikarkeppni K.K.I. er í höndum mótanefndar.

Um skiptingu tekna og útgjalda af Bikarkeppni K.K.I. gilda ákvæði 26. greinar.

## 17. grein.

### FLOKKAKERFISKEPPNI.

Stig skal reikna sem hér segir:

Unnin kappleik skal reikna + 2 stig.

Það lið vinnur, sem gerir flestar körfur þ.e.a.s. leikur vinnst með 1 stigi t.d. 26:25. Standi leikar jafnir að loknum venjulegum leiktíma skal framlengja í samræmi við gildandi körfuknattleiksreglur.

Það félag, sem fær flest stig samkvæmt framanskráðu vinnur. Náist ekki úrslit á þennan hátt, ber að leika til úrslita.

Taki allt að sex félög þátt í móti skulu þau keppa öll við eitt og eitt við öll. Verði liðin fleiri en sex, skal keppt í riðlum, 7-12 lið í tveim riðlum, 13-18 í þrem riðlum o.s.frv. Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, en síðan keppa sigurvegarar hinna einstöku riðla til úrslita.

Draga skal flokkana í riðla, en síðan skal númera hvern flokk innan riðlanna og loks keppt eftir töflu þeirri, sem hér fer á eftir:

3 flokkar (3 leikir) 1-2,1-3, 2-3.

4 flokkar (6 leikir) 1-2,3-4, 1-4, 2-4, 2-3, 1-4.

5 flokkar (10 leikir) 1-2,3-4,1-5,2-3, 4-5, 1-3,  
2-4, 3-5, 1-4, 2-5.

6 flokkar (15 leikir) 1-2,3-4, 5-6, 1-3, 2-5, 4-6,  
1-5,2-4, 3-6, 1-4, 2-6, 3-5,  
1-6,2-3, 4-5.

Séu flokkarnir svo fáir, að ekki þurfi að keppa í riðlum, er tafla þessi ekki bindandi.

## 18. grein.

Hvert bandalag innan K.K.I. skal senda skýrslu um bandalagsmót til K.K.I. í síðasta lagi 14 dögum eftir að mótinu er lokið.

## 19. grein.

Leikur vinnst án keppni, sé einhvert lið ekki mætt 15 mínútum eftir auglýstan tíma í keppni (þ.e.a.s. þann tíma sem viðkomandi liði var tilkynnt að mæta á), nema um sé að ræða óviðráðanlegar ástæður, sem Mótanefnd metur gildar.

Skulu hinir skipuðu dómarar kveðja ritara sem vitni og gefa skýrslu til körfuknattleisráðs innan 24 stunda, að leikur hafi ekki farið fram og greina ástæður.

## 20. grein.

Kappleikir eru því aðeins gildir, að farið sé eftir reglum K.K.I. og I.S.I. Körfuknattleiksráð getur bannað, að kappleikir fari fram, ef sýnt þykir að ekki muni farið eftir gildandi reglum.

## 21 .grein.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum sem hér segir:

- a. Ef keppandi fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. skulu félagi hans dæmdir tapaðir þeir leikir, sem hann tekur þátt í.
- b. Brot á 8. gr. varði leiktapi og ef sannast að leikmaður hafi vísvitandi sagt rangt til um aldur skal hann missa rétt til þátttöku í körfuknattleiks-mótum í eitt ár.
- c. Lið, sem hættir leik, áður en dómari gefur merki um að leiktími sé liðinn, má setja í leikbann allt að sex mánuðum, bæði liðið sem heild og hyvern einstakan leikmann og dæma allt að kr. 10.000.- í sekt.
- d. Brot gegn 14. gr. varða sektum auk tapaðs leiks, ef forföll eru ekki lögmæt. Lágmarks sekt skal vera kr. 5.000.-, en að auki skal hinn brotlegi aðili greiða allan kostnað sem hinn aðilinn hefur orðið fyrir og mótanefnd samþykkir. Þá má setja hinn brotlega aðila í leikbann allt að premur mánuðum.
- e. Ef kappleikur er háður í banni viðkomandi körfu-knattleiksráðs, skal aðgangseyrir gerður upptækur og renna til viðkomandi ráðs. Ef leikurinn er háður í banni K.K.I. skal aðgangseyrir renna til K.K.I.

## 22. grein.

Auk refsiákvæða þessara reglna, skal eftir atvikum beitt dóms- og refsiákvæðum K.K.I.

## 23. grein.

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómistóls, innan 48 klst. frá því brotið var framið.

Afrýjunarfrestur til 2. dómistigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 2.000,-.

## 24. grein.

Þar sem nefnt er ráð eða körfuknattleiksráð í þessum reglum ereins átt við héraðsstjórn, ef ekki er um starfandi körfuknattleiksráð að ræða.

## 25. grein.

K.K.Í. er heimilt að innheimta ákveðinn hundraðshluta af aðgangseyri að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu og dómaragjalda, að Íslandsmóti og Bikarkeppni.

- a) Af leikjum Íslandsmóts og Bikarkeppni öðrum en aukaúrlitaleikjum 10%.
- b) Af úrslitaleik Bikarkeppni og aukaúrlitaleikjum Íslandsmóts 15% af aðgangseyri.
- c) Lið skulu hafa greitt pennan hundraðshluta eða sett tryggingu fyrir greiðslu eigi síðar en hálfum mánuði eftir leik.

Einnig getur K.K.Í. innheimt þáttökugjöld af flokkum, sem taka þátt í móturnum sem haldin eru á vegum þess.

## 26. grein.

Félög bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleikjum sínum skal greiða K.K.Í. allt að 10.000,- kr. sekt í hvert skipti.

Félög hirða tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti (sjá þó 25. gr.), þau bera einnig kostnað vegna framkvæmda hans.

Lið sem leikur á útivelli í Íslandsmóti ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna.

I Bikarkeppni K.K.Í. gilda eftirfarandi reglur um skiptingu tekna og útgjalda. Frá innkomnu fé vegna sölu aðgöngumiða skal draga kostnað við húsaleigu, dómgæslu og gjald til K.K.Í. sbr. 25. gr.

Verði afgangur af innkomu að því loknu skal greiða af henni ferðakostnað og auglýsingar. Ef enn er afgangur af innkomunni skal skipta henni jafnt milli heimaliðs og útiliðs.

## 27. grein.

Félög skulu tilkynna þáttöku allra flokka í Íslandsmóti eigi síðar en 1. ágúst.

Þáttöku skal tilkynna skriflega. Tilkynningu um þáttöku skal fylgja Staðfestingargjaldi 20% af þáttökgjaldi.

Staðfestingargjald er óafturkræft þó félag dragi flokka úr kepni. Eftirstöðvar þáttökugjalds skal félag hafa greitt fyrir 5. september, eða sett fullnægjandi tryggingu fyrir skilvísri greiðslu. Að öðrum kosti teljast viðkomandi flokkar hættir þáttöku.

Frá 5. september er stjórn K.K.Í. heimilt að reikna almenna dráttarvexti af ógreiddum þáttökugjöldum.

Félög skulu tilkynna þáttöku í Bikarkeppni fyrir 1. október. Staðfestingargjald 50% af þáttökugjaldi, skal fylgja tilkynningu. Eftirstöðvar þáttökugjalds skal greiða eigi síðar en viku fyrir fyrstu umferð Bikarkeppninnar.

Lið sem ekki hefur greitt þáttökugjald að fullu, viku fyrir fyrstu umferð telst hætt keppni. Staðfestingargjald er óafturkræft.

#### 28. grein.

Sigurvegurum í Íslandsmóti og Bikarkeppni skal afhenda verðlaunapeninga samkvæmt eftirfarandi reglum.

Í Bikarkeppni K.K.Í. skal afhenda þeim liðum sem leika til úrslita verðlaunapeninga. Hvoru liði 13 peninga.

Í Íslandsmóti skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem eru í fyrsta og öðru sæti úrvalsdeildar karla og 1. deildar kvenna. Hvoru liði 15 peninga.

Sigurvegurum annarra flokka í Íslandsmóti skal afhenda 13 peninga.

FYLGISKJAL II.

REGLUGERÐ FYRIR MÓTANEFND.

1. Mótanefnd skipa þrír menn. Allsherjarnefnd tilnefnir tvo nefndarmenn. Stjórn KKÍ skipar formann nefndarinnar.
2. Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóts, Bikarkeppni KKÍ og keppni í Minnibolta.
3. Verkefni mótanefndar er:
  - a) að gera tillögur að deildarskipulagi.
  - b) að gera tillögu að leikjafyrirkomulagi í samráði við framkvæmdaaðila í héraði. Ef lið í Úrvalsdeild karla eða í 1. deild karla eða kvenna þarf að leika heimaleik utan héraðs, skal Mótanefnd annast framkvæmd þeirra.
  - c) að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
  - d) að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur þeirra.
  - e) að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
  - f) að samræma keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalausu.
  - g) að gera tillögu að leikjaskrá til stjórnar KKÍ. Stjórn KKÍ sér um útgáfu leikskrár og innheimtu þáttökugjalda.
4. Mótanefnd auglýsir eftir þáttökutilkynningum fyrir Íslandsmót, Bikarkeppni KKÍ og Minniboltamóti og tekur á móti þeim eða veitir framkvæmdaaðila í héraði (svæðanefnd) umboð til þess.
5. Þáttökutilkynningum til Íslandsmóts skal skila til Mótanefndar fyrir 1. ágúst sbr. 27. gr. reglugerðar um Körfuknattleiksmót.  
Þáttökutilkynningar skulu vera skriflegar. Sama gildir um sérstakar óskir sem félögin vilja koma á framfæri.  
Mótanefnd sendir út uppkast að leikjaskrá fyrir 20. ágúst.  
Félög hafa frest til 5. september til að skila athugasemendum og draga flokka úr keppni.  
Mótanefnd skilar stjórn KKÍ endanlegri tillögu að leikjaskrá fyrir 20. september. Stjórn KKÍ annast útgáfu leikjabókar og innheimtu þáttökugjalda.

6. Mótanefnd er heimilt að skipa sérstakar svæðisnefndir. Svæðisnefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa frá hverju félagi á svæðinu. Svæðisnefndirnar eru undirnefndir Mótanefndar og starfa í umboði hennar. Svæðisnefndirnar skulu skipa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem sjái um framkvæmd svæðismóta.
7. Mótanefnd er skylt að tilkynna breytingar á leikskrá með sannanlegum hætti. Ef boða þarf til leiks vegna breytinga á mótaskrá skal það gert með minnst viku fyrirvara.
8. Félög skulu tilnefna sérstakan mann, samstarfsmann til að annast samskipti við mótanefnd. Samstarfsmenn skulu hafa aðgang að síma, svo unnt sé að ná sambandi við þá með stuttum fyrirvara.  
Félögin skulu tilkynna mótanefnd nöfn, heimilisföng, heimasíma og vinnusíma samstarfsmanna sinna.
9. Mótanefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðtals-tíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.
10. Framkvæmdastjóri KKÍ er starfsmaður nefndarinnar.
11. Heimilt er að launa formann mótanefndar ef framkvæmda-stjóri getur ekki annað daglegum störfum hennar. Launin skal ákvarða sem ákveðið hlutfall af launum framkvæmdastjóra.
12. Mótanefnd er heimilt að skipa undirnefndir til að annast sérstök verkefni eins og framkvæmd Minnibolta-móts.
13. Öll málefni sem samkvæmt gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn KKÍ skulu send stjórninni til umsagnar áður en mótanefnd afgreiðir málið.
14. Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar KKÍ þremur vikum fyrir Körfuknattleiksþing.

FYLGISKJAL III.